

Landsfundur Sjálfsbjargar 2016 haldinn í Reykjavík

30. september og 1. október 2016 – *Sjálfsbjörg í fortíð, nútíð og framtíð.*

FUNDARGERÐ

Föstudagur 30. September 2016

Setningarathöfn í matsal Sjálfsbjargarheimilisins kl. 15.00.

Stjórnandi setningar var Þorbera Fjöl意思dóttir gjaldkeri Sjálfsbjargar lsf.

Ávörp fluttu Helgi Seljan fv. framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands og Inga Björk Bjarnason háskólanemi.

Grétar Pétur Geirsson formaður Sjálfsbjargar lsf. ávarpaði þingfulltrúa og gesti og setti síðan Landsfund 2016. Kaffiveitingar voru á borðum og flutti Hrafnkell Karlsson sellóleikari nokkur lög. Athöfninni var lokið formlega kl. 16.10.

Laugardagur 1. október 2016.

Þingstörf hófust í starfsaðstöðu Þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargarheimilisins kl. 9.00.

Grétar Pétur Geirsson formaður bauð þingfulltrúa velkomna og gerði tillögu um tvo fundarstjóra:

Tryggvi Friðjónsson og Þorbera Fjöl意思dóttir og voru þau **samþykkt samhljóða**.

Fundarstjórar tóku þá við stjórn fundarins og lögðu til að Arndís Guðmundsdóttir og Þórdís Richter verði **fundarritarar** og var það **samþykkt samhljóða**.

Kjörbréf kynnt, borin upp og **samþykkt samhljóða**.

Gögn Landsfundar yfirfarin og kynnt af fundarstjóra.

Dagskrá Landsfundar var kynnt af fundarstjóra, borin upp og **samþykkt samhljóða**.

Skýrslur og ársreikningar

Bergur Þorri Benjamínsson varaformaður Sjálfsbjargar lsf. kynnti skýrslu framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra fyrir starfstímabilið 2015-2016.

Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning Sjálfsbjargar, lsf. fyrir 2015.

Engar umræður urðu um ársreikningnum og var honum vísað til fjármálahóps (áhugasamir hófðu skráð sig í hópinn) sem mun fara yfir reikninginn. Þórdís Richter skrifstofustjóri Sjálfsbjargar lsf. leiðir hópinn í honum sitja jafnframt: María Óskarsdóttir, Magnús Reynir Guðmundsson, Ólafur Valgeirsson, Grétar Pétur Geirsson, Guðmundur Ingi Kristinsson og Þorsteinn Fr. Sigurðsson.

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Guðríður Ólafs Ólafíudóttir formaður stjórnar Hjálparliðasjóðsins afhenti Björgvini Inga Ólafssyni framkvæmdastjóra hjhá Íslandsbanka viðurkenningu fyrir framlag sitt til Hjálparliðasjóðsins. Hann safnaði 376.000 kr. í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka sem runnu til Hjálparliðasjóðsins.

Skýrslur og ársreikningar

Fjárhagsáætlanir fyrir rekstrarárin 2016 og 2016 voru kynntar af Tryggva Friðjónssyni framkvæmdastjóraásamt tillögu um óbreytt árgjald fyrir næsta ár. Umræður urðu um áætlanirnar en þeim ásamt árgjaldstillögunni vísað til fjármálahóps til yfirferðar.

Ársverkefni Sjálfsbjargar 2017 var kynnt af Þorsteini Fr. Sigurðssyni. Um er að ræða tillögu um sameiginlegt starfsverkefni allra aðilarfélaganna sem undirbúið verði af starfsfólki samtakanna. Verkefnið fjallar um úttekt á aðgengi sundlauga á starfssvæðum félaga undir yfirskriftinni: **Sundlaugar okkar allra!** Umræður sköpuðust í kjölfarið og lýstu fundarmenn ánægju sinni með tillögunni.

Tillagan var borin upp og **samþykkt samhljóða!**

Staða og framtíðarfyrirkomulag hjá Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra – yfirferð af Þorkeli Sigurlaugssyni fv. formanni Framtíðarnefndar Sjálfsbjargar lsf. og formanni Húsnæðisnefndar samtakanna.

- Kynnti nýtt skipulag fyrir framkvæmdastjórn og skrifstofu Sjálfsbjargar lsf. í kjölfar þess að rekstri samtakanna og Sjálfsbjargarheimilisins var skipt upp aftur eftir að hafa verið rekið sameiginlega frá 2011.

- Kynnti skipan og verkefni Húsnæðisnefndar Hátúns 12 sem framkvæmdastjórn hafði skipað og á að fjalla um framtíðarfyrirkomulag húsnæðismála samtakanna við Hátúnið.

- Kynnti tillögu að skipan og verkefnum Starfskjaranefndar sem mun árlega í kjölfar Landsfundar ákvarða hvort ástæða er til að breyta launum og starfskjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar lsf.

Talsverðar umræður urðu í kjölfarið.

Lagabreytingatillögur, kynning og umræður

Jón Eiríksson formaður laganefndar kynnti lagabreytingatillögur laganefndar.

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaða meðferð lagabreytinga á fundinum. Tvær heilstæðar breytingatillögur við breytingatillögum laganefndar hafa borist. Lagt er til að fyrst verði farið yfir breytingatillögur frá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu og síðan breytingatillögur frá Sjálfsbjörg Akureyri.

Fundarstjóri bar þetta undir fundarmenn og var það samþykkt samhljóða.

Tillögur frá Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu.

Fyrst voru lagðar fram ýmsar orðalagsbreytingar sem ekki hafa neinar efnislegar breytingar í för með sér og voru þær samþykktar í heild sinni **samhljóða**.

1. Heiti samtakanna breytt

Heiti samtakanna frá Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra í Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra (sbr. 1. gr.).

Umræður sköpuðust um nafnabreytinguna.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða**.

2. Áhersla er sett frekar á hreyfihamlað fólk

Þetta kemur fram í eftirfarandi liðum:

2. gr. liðir a-b, 3. gr. 7. gr. lið b, 16. gr. lið o.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða**.

3. Aldursumfjallanir

Ekki eru sett neðri mörk á aldur félaga (var 18 ár í 4. gr.).

Félagar þurfa þó að vera 16 ára til að hafa kjörgengi og kosningarrétt sbr. 3. gr.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða**.

4. Einstaklingsaðild gerð möguleg að landssamtökunum

Opnað er fyrir einstaklingsaðild fólks af svæðum þar sem ekki er starfandi aðildarfélag sbr. 4. gr.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða**.

5. Aðalfundur færður til fyrri hluta árs

Dagsetning aðalfundar sett að vori apríl-maí, sjá 9. gr. Því breytast aðrar dagsetningar er tengjast fundinum s.s.:

- Skýrslur og árgjöld til Sjálfsbjargar sbr. 6. gr.
- Framboðsmál – frestir til framboða og kynningar sbr. 8. gr. b. lið.
- Kjörnefnd kölluð saman í síðasta lagi 1.2. (sjá 8. gr. c. lið).
- Boð á aðalfund með 10 vikna fyrirvara (9. gr.).
- Kosning fulltrúa á aðalfund skal tilkynna 4 vikum fyrir aðalfund.
- Kynna hvaða nefndir skulu starfa og fulltrúa í stjórnnum og nefndum skal kynna á vefsíðu 4 vikum fyrir aðalfund (sjá 13. gr. e lið).

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða**.

6. Félagar

Félagsaðild hreyfihamlaðra sem og annarra fatlaðra eða ófatlaðra. Aðeins hreyfihamlaðir geta setið í stjórn Sjálfsbargar landssamtakanna (ekki takmarkað hjá aðildarfélögum).

Tillagan borin um og **samþykkt samhljóða.**

7. Skerpt á starfsemi aðildarfélaga

Félögin skulu halda aðalfund og kjósa lágmark 3 stjórnarmenn, 6. gr. Senda skal skýrslu um starfsemi nýliðins árs, rekstrarreikning og fjárhagsstöðu um áramót, 6. gr.

Félögin skulu starfa að málefnum hreyfihamlaðs fólks og taka þátt í sameiginlegum verkefnum Sjálfsbjargar, 7. gr. b liður.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða.**

8. Kosningar (sjá 13. gr.)

Breytt er fyrirkomulagi kosninga þannig að helmingur stjórnar og nefndarmanna er kjörinn annað árið og hinn helmingurinn hitt árið.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða.**

9. Stjórnin

Ein stjórn 7 aðalmenn og 2 varamenn.

Heitir STJÓRN.

Fundar reglulega.

Varamenn fá öll gögn en mæta í forföllum aðalmann.

Ákveðið að nefna formenn og stjórn saman sem „sambandsstjórn“ sem fundar einu sinni á ári að hausti (sjá h lið 16. gr.).

Reynt að tryggja jafnvægi milli kynja og búsetu í stjórn og nefndum og um helmingur starfsfólks sé hreyfihamlað (o liður 16. gr.).

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða.**

10. Hlutverk vefsíðu aukið

Upplýsingaflæði t.d. fyrir aðalfund fer mikið fram í gegnum vefsíðuna þar sem öll gögn fundarins eru birt. Því á ábyrgð félaga að fylgjast með gangi mála þar.

Tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða.**

Tillögur frá Sjálfsbjörg Akureyri.

Fyrst voru lagðar fram ýmsar orðalagsbreytingar sem ekki hafa neinar efnislegar breytingar í för með sér og voru þær samþykktar í heild sinni **samhljóða.**

Þá var farið yfir breytingartillögur lið fyrir lið og voru þær allar felldar.

Lögin í heild sinni með áorðnum breytingum og bráðabirgðaákvæði voru borin upp undir atkvæði. Þau voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og enginn á móti.

Kosningar

Nú var kosið samkvæmt nýsamþykktum lögum.

Stjórn Sjálfsbjargar lsh

Bergur Þorri Benjamínsson var kosinn formaður Sjálfsbjargar lsh til næstu 2ja ára.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir var réttkjörinn varaformaður lsh til næstu 2j ára.

María Óskarsdóttir var réttkjörinn gjaldkeri.

Anna Torfadóttir var kosinn ritari til 1 árs.

Meðstjórnendur voru kjörin: Guðmundur Ingi Kristinsson, Guðni Sigmundsson, og Margrét S. Jónsdóttir.

Varamenn voru kjörnir: Alma Ýr Ingólfssdóttir og Kristín Jónsdóttir.

Laganefnd

Í laganefnd voru kjörin: Guðbjörg Halla Björnsdóttir, Guðni Sigmundsson, Ragnar Gunnar Þórhallsson, Sigurjón Einarsson og Sævar Guðjónsson..

Formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins

Jón Heiðar Jónsson var einn í kjöri og því kjörinn formaður til tveggja ára.

Meðstjórnendur í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins (SBH)

Meðstjórnendur í stjórn SBH voru kjörin: Anna Torfadóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Kristín Jónsdóttir og Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

Kjör til varamanna í stjórn SBH

Kjörnir varamenn í stjórn SBH voru Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir og Jón Eiríksson.

Ársreikningur 2015 og fjárhagsáætlanir 2016 og 2017. Ólafur Valgreirsson frá fjármálahópi lagði sagði frá störfum hópsins og gerir hópurinn engar athugasemdir. Ársreikningurinn 2015 og fjárhagsáætlanir fyrir 2016 og 2017 voru borin upp og **samþykkt samhljóða.**

Tillaga um ákvörðun um óbreytt árgjald 500 kr. var borin upp og **samþykkt samhljóða.**

Önnur mál

Ályktanir.

a. Ályktun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn í Reykjavík þann 1. október 2016 fagnar því að Alþingi Íslands hafi nú loksins fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en samningurinn var upphaflega undirritaður af fulltrúum íslenska ríkisins þann 30. mars 2007. Yfir 160 ríki heims eiga nú aðild að þessum mikilvæga samningi og skorar landsfundur Sjálfsbjargar lsh komandi ríkisstjórn að lögfesta samninginn strax á fyrsta löggjafarþingi Alþingis eftir komandi kosningar.

Samþykkt samhljóða.

b. Ályktun um kjaramál fatlaðs fólks.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband fatlaðra hreyfihamlaðra haldinn 1. október 2016 skorar á komandi ríkisstjórn að tryggja fötluðu fólki í landinu full mannréttindi, að örorkulífeyrir verði aldrei lægri en framfærsluviðmið velferðarráðuneytisins, að frumskógur almannatryggingarkerfisins verði grisjaður og kerfið einfaldað og dregið verði úr öllum skerðingum lífeyris. Þá skorum við á komandi ríkisstjórn að búa til hvetjandi kerfi svo fyrirtæki sjái sér hag í að bjóða uppá hlutastörf og að ríkisvaldið og sveitarstjórnir sýni strax gott fordæmi um slíkt í eigin rekstri.

Samþykkt samhljóða.

Heimild til lántöku.

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri fór yfir fjármögnun fjölskylduhúss Sjálfsbjargar en uppbyggingarkostnaðurinn hefur farið talsvert fram yfir áætlanir. Það ásamt fyrirhugaðri stofnun hjálpartækjaleigu gæti þýtt að samtökin þarfnist sérstakrar lántöku, veðlán, í þessar tvær framkvæmdir. Lögð var fram tillaga: Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn 1. október 2016 samþykkir að veita stjórn samtakanna heimild til að taka lán að hámarki 20 milljónir vegna framkvæmda til að ljúka við Fjölskylduhús Sjálfsbjargar og stofnkostnaðar við uppbyggingu Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar.

Umræður urðu um málið og tillagan síðan borin upp og **samþykkt samhljóða.**

Áherslur á næsta Landsfundi.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram: Í ljósi skipunar Húsnæðisnefndar sem ætlað er að vinna að skoðun á möguleikum sem samtökin hafa til uppbyggingar á lóðinni Hátúni 12, framtíðarskipan húsnæðismála, fjármögnunarmöguleikum uppbyggingarinnar, og fyrirkomulagi er mikilvægt að samtökin taki umræðu um þessi málefni. Þarna kemur inn umræða um þann framtíðarrekstur sem kynntur hefur verið og annað er tengist uppbyggingunni húsnæðislega séð.

Þá hefur orðið umræða um skipan stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins og tengingu stjórnar þess við stjórn landssambandsins sem líka er þörf að sé tekin.

Þar sem Landsfundurinn 2016 er að mestu tileinkaður lagabreytingartillögum sem hafa að leiðarljósi ákveðna einföldun á stjórnkerfi samtakanna og nokkrar aðrar áherslubreytingar þá leggur framkvæmdastjórn og sambandsstjórn til við Landsfundinn að næsti Landsfundur / aðalfundur verði tileinkaður framtíðarskipan húsnæðis- og rekstrarmála samtakanna og skili Húsnæðisnefnd þar jafnframt sínum tillögum og möguleikum sem eru til staðar.

Eftir umræður var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða!

Skýrsla fyrir BUSL og NÝ-ung.

Kynnt var skýrsla BUSL og NÝ-ung sem lá frammi.

Guðríður Ólafsdóttir tók til máls og nefndi þörfina fyrir eldri borgarar (þ.e. 67 ára og eldri) séu gjaldgengir innan félagsins.

Tryggvi Friðjónsson fundarstjóri þakkaði að lokum fundarmönnum góða áheyrn og góðan og málefnalegan fund og gaf nýkjörnum formanni orðið.

Bergur Þorri Benjamínsson formaður ávarpaði þingfulltrúa og er ávarp hans eftirfarandi:

Kæru Sjálfsbjargarfélagar.

Ég vil byrja á því að þakka það traust sem mér er sýnt með því að veita mér brautargengi til að verða formaður landssamtaka Sjálfsbjargar. Kærar þakkir. Þetta er mikið traust og ég mun leggja mig allan fram við að standa undir því.

Ég tek við ágætis búi, en jafnframt eru verkefnin fjölmörg og ögrandi. Ég vil sjá Sjálfsbjörg vinna meira að baráttumálum og að málefnum hreyfihamlaðs fólks – þangað langar mig að leiða samtökin með ykkar liðsinni.

Ég vil þakka þeim sem nú hverfa úr forystusveitinni eftir mislanga veru þar. Ég fagna nýjum framkvæmdastjóra og kveð annan sem reyndar fer ekki langt. Sérstaklega vil ég þakka fráfarandi formanni Grétari Pétri hans störf, en hann hefur í áratugi unnið að framgangi málefna Sjálfsbjargar og síðustu sex árin sem formaður samtakanna. Við höfum unnið saman, hlegið, rökrætt og rifist. Okkar leiðir munu þó alls ekki skilja alveg núna, þar sem við munum sitja saman í Húsnæðisnefndinni sem mun vinna að framtíðaráformum okkar hér í Hátúni 12 og hlakka ég til þeirrar vinnu með samhentum hópi.

Ég ætla ekki að þylja upp neinn loforðalista, en mun vinna að heilindum og ákafa að framtíðarmálum Sjálfsbjargar og treysti því að þið gefið mér og samstjórnarfólki mínu og starfsfólki samtakanna gott svigrúm, því breytinga er þörf – því ef við færumst ekki fram á við, stöðnum við. Framtíðin er þeirra sem þekkja aðeins til sögunnar, lifa í nútíðinni, en vinna að framþróun.

Við hér enda verðum grín,

vegir skilja að sinni.

Haltu á vinur heim til þín,

hjartans kveðju minni.

Endilega gefum þeim sem eru að fara úr forystusveitinni, þeim sem eru að koma til starfa og okkur öllum sem áttum hér saman skemmtilegan og afkastamikinn Landsfund – öflugt lófaklapp.

Að lokum sungu fundarmenn „Við hér enda verðum grín...”

Formaður sleit síðan Landsfundi 2016 kl. 18.10.

Fundarritarar

Arndís Guðmundsdóttir

Þórdís Richter